

Sp.

182. Tillaga

til þingsályktunar um heimild fyrir landsstjórnina til að greiða fje úr ríkissjóði til dýrtíðaruppbóta og fleira.

(Eftir síðari umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að greiða úr ríkissjóði þessar fjárhæðir:

1. 20000 kr. til þess að launa íslenskan ræðismann á Ítalíu eða Spáni, ef á þarf að halda.
2. Dýrtíðaruppbót til Jóhanns Fr. Kristjánssonar af fjárlagalaunum hans, samkvæmt 33. gr. launalaganna.
3. Alt að 27000 kr. til dýrtíðaruppbóta handa starfsmönnum Búnaðarfjelags Íslands, Garðyrkjufjelags Íslands og Búnaðarsambandanna. Skal upphæð þessari skift þannig, að laun og dýrtíðaruppbætur starfsmannanna verði í samræmi við sambærileg launaákvæði launalaganna.
4. 11000 kr. viðbótarstyrk 1920—1921 til vjelbátaferða um Ísafjarðardjúp.
5. Handa hverjum lækni, sem fullnuma verður á árinu, 1000 kr. til þess að sækja fæðingarstofnun erlendis.
6. 80 þús. kr. til styrktar bátaferðum á flóum og fjörðum kring um land.